

Kennsluáætlun í dönsku skólaárið 2023-2024

4.-7. bekkur

Kennari: Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir

Dönskukennsla í 4.-7. bekk í Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá á fyrsta stigi. Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist danskan í eftirfarandi þætti: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni.

Ekki er unnið með einn þátt í einu heldur skarast þessir þættir í flestum verkefnum. Hæfniviðmið/markmið eru tilgreind í upphafi hvers verkefnis eða lotu.

Kennsluaðferðir:

Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám og eru leikir og spil mikið nýtt sem kennsluaðferð með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera dönskuna að áhugaverðu og lifandi námsefni. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Nemendur fá tækifæri til samvinnu, samræðu, að lesa upphátt og segja frá og er lögð áhersla á framburð og orðaforðavinnu. Unnið er með grunnmálfræði m.a. í gegnum ritun og spil. Nokkur þemaverkefni eru yfir skólaárið.

Notast er við: Spil-lestrarbækur-myndbönd-hlusturnarefni-dagblöð-útbrentanlegt efni af vef-lesskilningsverkefni o.fl.

Námsmat: Námsmatið tengist lykilhæfni Aðalnámskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni. Lokamat í 4.-7. bekk er umsagnar.

Hlustun

Við lok 1. stigs getur nemandi:

skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt,

- skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum,
- fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni,
- fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.

Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund
- Hlustað og horft á danskt efni frá DR1 eða annað sjónvarpsefni og unnið úr þeim upplýsingum.

Lesskilningur

Við lok 1. stigs getur nemandi:

lesið og skilið stutta texta með grunnorðaförða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum,

- skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum,
- fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu,
- lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.

Leiðir að markmiðum

- Nemendur fá stutta texta og verkefni sem krefjast þess að þau skilji efnið og geti unnið með þá á fjölbreyttan hátt.
- Nemendur lesa ljósrituð léttlestrarhefti og vinna verkefni með.
- Nemendur lesa tímaritsgreinar og -fréttir um efni sem þeir þekkja og vinna með efnið í þeim
- Þemaverkefni þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga og finna lykilatríði í texta sem nýtist þeim í verkefninu.

Samskipti og frásögn

Við lok 1. stigs getur nemandi:

haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaförða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum,

- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst,
- skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu,
- tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

Við lok 1. stigs getur nemandi:

í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaförða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum,

- sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt,
- endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.,
- flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.

Lögð er rík áhersla á:

- að allir nemendur fái tækifæri til að tjá sig og eiga samskipti við hvort annað sem og kennarann á dönsku
- framburð nemenda og helstu reglur í framburði eru ræddar við hvert tækifæri yfir skólaárið.
T.d. y - ø - á - e - a - o - u / hljóðlausir stafir inni orðum t.d. orðið bord er borið fram - bo - (r og d eru hljóðlausir).

Leiðir að markmiðum

- Leikir og spil þar sem nemendur þurfa að tala saman.
- Upplestur í tíma
- Frjálsar umræður í tíma með áherslu á orðaförða og framburð.
- Verkefni með upplestri og kynningu í lokin.

Ritun

Við lok 1. stigs getur nemandi:

skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki,

- skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista,
- lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi,
- skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst,
- samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.

Leiðir að markmiðum

- 120 algengustu orðin í dönsku notuð í setningagerð. (auka orðaforðann)
- Ritun nýtt í kennslu málfræðireglna (setningar, sögur, dagbók).

Nemendur fá kynningu á eftirtöldum málfræðiatríðum og er unnið með þau á fjölbreyttan og hlutbundin hátt. Spil eru mikið notuð við kennslu:

Spurnarfornöfn; nafnorð-kyn, greinir, eintala/fleirtala; tölur, algengar forsetningar, lýsingarorð.

Menningarläsi

Við lok 1. stigs getur nemandi:

sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu,

- sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjörðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða,
- sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra,
- sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

Leiðir að markmiðum

- Verkefni unnin tengd Danmörku, menningu þess og hefðum (jól, páskar og aðrar hátíðir)
- Samræður í bekk um hvað er líkt og ólíkt með menningunni í Danmörku og á Íslandi
- Verkefni og samræður í bekk um tengsl orða, hvað er líkt og ólíkt.

Námshæfni

Við lok 1. stigs getur nemandi:

sett sér einföld markmið og lagt mat á námsframvindu með stuðningi frá kennara ef með þarf,

- beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki,
- beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur,
- tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu,
- tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja,
- nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Leiðir að markmiðum:

- Tengsl danskra orða bæði við íslensku og ensku rædd reglulega í tíma
- Lögð er áhersla á notkun orðabóka bæði á netinu sem og bók og mikilvægi þess að orð séu rétt slegin inn. (gagnrýnin hugsun)
- Unnið sjálfstætt, í þörum og í samvinnu við aðra.
- Lögð er áhersla á samræður í bekk þannig að allir fái að tjá sig.